Hólarannsóknin

# Fornleifaskráning í Hjaltadal



**Framvinduskýrsla 3 -2004**

**Ragnheiður Traustadóttir, Anna R.Guðmundsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Bryndís Zoëga, Douglas Bolender**

**Fornleifaskráning á vegum Hólarannsóknar sumarið 2004** ... 3
**Rannsóknarmarkmið og áætlun 2004 - 2005** ... 4
Aðferð við skráningu ... 4
Jarðanúmer ... 4
Tegund, hlutverki og heiti ... 4
Lega ... 5
Staðhættir og lýsing ... 5
Hættumat ... 5
Heimildir ... 5
Brimnes - 146404-277 ... 6
Saga ... 6
Náttúrufar og jarðabætur ... 6
Kolkuós - 146414 ... 10
Saga ... 10
Náttúrufar og jarðabætur ... 11
Neðri-Ás 1 - 146476-251 ... 16
Saga ... 16
Náttúrufar og jarðabætur ... 16
Viðvík - 146425-274 ... 38
Saga ... 38
Náttúrufar og jarðabætur ... 39

# Fornleifaskráning á vegum Hólarannsóknar sumarið 2004

Eitt af markmiðum Hólarannsóknarinnar er að skrá jarðir í Hjaltadal og nágrenni. Tilgangurinn – og eitt af aðalmarkmiðum fornleifaskráningar – er að gera grein fyrir byggðasögu byggðalags, í þessu tilviki Óslandshlíðar og jarða sem liggja við Kolkuós, en það er ein af forsendunum fyrir því að hægt sé að stunda árangursríkar fornleifarannsóknir á svæðinu. Fornleifaskráningu er enn fremur ætlað að veita yfirlit um fjölda minja á tilteknu svæði.

Neðangreind fornleifaskráning er unnin fyrst og fremst á vegum Hólarannsóknarinnar, bæði af starfsmönnum hennar og nemendum í fornleifafræði sem sóttu vettvangsskóla Hólarannsóknarinnar.

Taka ber fram að um er að ræða drög að fornleifaskráningu á jörðunum Kolkuósi, Brimnesi, Viðvík og Neðri–Ási.

Sumarið 2004 hófst fornleifaskráning á Hólum að nýju en eins og fram hefur komið í fyrri umsóknum og skýrslum Hólarannsóknarinnar gerði Katrín Gunnarsdóttir, fornleifafræðingur hjá Byggðasafni Skagfirðinga, fornleifaskrá fyrir Hóla og Hof og gaf út hjá Byggðasafninu árið 2000.

Í samstarfi við Ísmar hf., fyrirtæki sem sérhæfir sig í tækjabúnaði til landmælinga auk annars, hóf Hólarannsóknin nú í sumar að mæla upp rústir með afar nákvæmu gps mælinga- og staðsetningartæki; skekkjumörk eru aðeins um sentimetri. Rústir á Hólastað voru mældar upp og er það þýðingarmikil viðbót við fyrri skráningu. Með aðstoð tækisins er unnt að teikna rústirnar upp á staðnum og vinna svo með niðurstöðurnar í ýmsum teikni-, korta- og þrívíddarforritum í tölvu.

Til stendur að gera nákvæmt kort af fornleifum á Hólum í mælikvarðanum 1:400 og ítarlega fornleifaskrá, ekki aðeins á Hólastað heldur einnig á öðrum jörðum í Hjaltadal (sjá kort af Hjaltadal). Gerð verða yfirlitskort af jörðunum með örnefnum og fornleifum sem hafa verið skráðar frá því að Hólarannsóknin hófst árið 2002.

Eitt af markmiðum Hólarannsóknarinnar hefur frá upphafi verið að gera kortagrunn af öllum Hjaltadal þar sem verður hægt að skoða fornleifar og örnefni á svæðinu. Ætlunin er að nota grunninn til rannsókna á sviði örnefna- og fornleifafræði til að rannsaka tengsl Hóla við umhverfi sitt, byggðaþróun, búsetu og nýtingu, allt frá landnámi fram á okkar daga. Rannsóknin hefur nú þegar góðan loftmyndagrunn, eldri loftmyndir og túnakort af nærri öllum Hjaltadal, og eru þessi kort afar mikilvæg við gerð fyrrgreinds kortagrunns.

Ekki liggur enn fyrir hvenær vinnu við grunninn muni nákvæmlega ljúka svo að hægt verði að gera hann aðgengilegan sérfræðingum og almenningi, en stefnt er að því að ljúka við hann árið 2006.

**Rannsóknarmarkmið og áætlun 2004 - 2005**

Heimildaöflun vegna jarða í Hjaltadal er til þess gerð að skrá megi sögulegt yfirlit um jarðirnar, þar sem gerð er grein fyrir takmörkum þeirra, breytingum og hugsanlegum atburðum, sögnum og öðrum þáttum, sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Þannig verða til forsendur til að kanna tengsl jarðanna við Hóla.

Fornleifaskráning á vettvangi fer svo þannig fram að fornleifar eru skráðar, mældar upp með alstöð og ljósmyndaðar. Loks eru þær skráðar í gagnagrunninn Sarp.

Af hverri jörð eru gerð kort með staðsetningu minjanna. Af Hjaltadal eru gerð kort, þar sem reynt er að endurskapa búsetu í dalnum á mismunandi tímum, landamerki rakin, aldur rústa og fleira í þeim dúr. Fornleifarnar eru settar í samhengi við skiptingu jarða, gæði bithaga og engja, nýtingu á auðlindum, hagrænum og náttúrufarslegum atriðum o.m.fl.

Aðeins með því að gera sér grein fyrir eignarhaldi og landnotkun o.þ.h. verða til forsendur til skilnings á því hvers vegna byggð hélst á sumum stöðum og öðrum ekki, hvers vegna hús voru reist þar sem þau voru reist, hví Hólar urðu valdamiðstöð og þar fram eftir götunum.

## Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum, sem varpað geta ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

## Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða –stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Hólar: 146440, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, 249 í nefndu tilviki. Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði á Hólum er nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: H-146440-249-1.

## Tegund, hlutverki og heiti

Í örfáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð o.s.frv.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að “heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu, þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjar sérnafn, t.d. Grundarhús eða Ullarlækur, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

## Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin eru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána.

## Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

## Hættumat

Lagt er mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs. Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna.

Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta sem fyrr segir leynst undir sverðinum.

## Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um hverja hinna skráðu fornleifa.

**Brimnes - 146404-277**

## Saga

Búsetusaga:
50 hdr. 1709. Hólastólseign. (JÁM,bls.). Brimnesskóga er getið í Landnámu: „Í þann tíma kom út skip í Kolbeinsárósi hlaðit kvikfé, en þeim hvarf í Brimnesskógum unghryssi eitt; en Þórir dúfunef keypti vánina ok fann síðan.“ (235). Brimness er getið í Sturlungu „…“ (ath. fleiri fornrit). Einnig er þess getið á nokkrum stöðum í Íslensku fornskjalasafni: „…“. Í örnefnaskrám Brimness er getið um eyðibýlið Gvendarstaði beint suður af túninu en þess er ekki getið í Jarðabók Á.M. (Ö-1978, 1).

Brimnes var selt árið 1802 með 1 kúgildi fyrir 209 ríkisdali . Kaupandinn var Kjartan Bjarnason bóndi í Brimnesi (Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu). Á fyrri hluta 20. aldar keypti Hartmann Ásgrímsson nokkra sneið af jörðinni að norðanverðu undir Langhús, síðar Kolkuós? (Hvernig er með Laufhól?)

Heimildir: 1300 – Sturlunga, útg. 1946, 10. þáttur.

1301-1400 – Íslenskt fornbréfasafn, 3. bindi, bls. 409: Ráðsmannsreikningar á Hólum í Hjaltadal um bygging á jörðum staðarins 1388: „af brimesi. c. woro. c. i hafnar v[adum]. xx lamba elde ok tueuett n[aut].“

1401-1500 – Íslenskt fornbréfasafn, 5. bindi, bls. 36: Skrá um kúgildi með jörðum Hólastaðar í Hjaltadal og um eldi á jörðum staðarins 1449: „Jtem brymnese vij kvgyllde l. iij c.“

1501-1570 – Íslenskt fornbréfasafn, 7. bindi, bls. 463: „Skrá um landamerki Viðvíkr og ýmsra fleiri jarða í Skagafirði um 1500: „Jtem aa Mýck(l)holl ofan halfa lomatjorn j motz wid brimnes ok ofan ad langahollte: Enn widuik aa ecki leingra westur enn ad krossgotum: sidan Rada hafa melar allt ofan ad gerdi þui er heiter geitagerdi: oc liggur firir sunnan skog: firir westan fram alla melana: oc Riettsyne af þui Gerdi westur j sio: er þat landamerki þar millum widuikur og brimnes aa vidaruik skog firir austan almenningz gotu. ad ose ofan: enn a(u)ll Reka gogn nema huala vu fra Brimnes landi ad dolum. enn holastadur a skogienn firir westan gerdit allt ad dolum. Eigur kirkian sialf husa stodur og skipa wid os allan afla oc addrattu stadarins aa land ad leggia: med afgaungum i dolumm: oc huommunum vppi. gangvart krossi eigur widuik gras vnder aullum skoge: ad dolum. Jtem a mýcklabêr I oslandzhlid : a xij. hesta Rifhris ok hogghris firir gotur. enn widuik a j stadinn helenar holma með aullum gognum og giædum et cetera.“
8. bindi, bls. 367: ??
11. bindi, bls. 859: Skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls í föstu og lausu eptir Jón biskup Arason frá fallinn, 25. December 1550: „Med Brimnesi .vj. kugillde. landskylld .iij. c.“
15. bindi, bls. 223: Reikningr Hólastóls 18. febrúar til fardaga 1569: „Med Brimnesi landsk. .iij. .c. med tiundum kug. .vj.“
15. bindi, bls. 456: Kúgildareikningr Hólastóls eftir jól 1570: „Med Brimnesi .vi. kug.“

## Náttúrufar og jarðabætur

Brimnes
Jarðardýrleiki l cuð.
Eigandinn biskupsstóllinn Hólar.
Ábúandinn Jón Jónsson.
Landskyld cclx álnir, lýkst með xx álna slætti og xx álna eldi, hitt annað forlíkast eftir samkomulagi veleðla hr. biskupsins og leiguliða.
Kúgildi vi. Leigur í smjöri heim til stólsins.
Kvikfje vii kýr, i naut tvævætt, I vetrúngur, ær lxxxix, sauðir tvævetrir og eldri xl, iii hestar, ii hryssur, i foli og i únghryssa.
Jörðin kann að fóðra um vetur vi kýr, það á töðu og útheyi, en öllum öðrum

peníngi er vogað þá til útigángs aldeilis.
Upprekstur ut supra.
Rifhrís er hjer nokkuð til eldiviðar. Sortulýng ánægjanlegt.
Jörð þessi á allan reka fyrir sínu landi, en um sjáargagn og hlunnindi það fjörunni viðvíkur er alt og hið sama að segja sem á Bakka, nema skipsuppsátur er hjer betra.

**Heimildaskrá**

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1953. 3. hefti. Sögufélaga Skagfirðinga. 1956.
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Brimness. 1978.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 9. bindi. 1709. (útgáfustaður og ár).
Ath. hvað nota á af því sem er í DI.

**Brimnes 146404 277 - 1**
Sérheiti: Brimnes
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Bæjarhóll
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Brimnes 146404 277 - 2**
Hlutverk: Legstaður
Tegund: Kuml
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Brimness er þess getið að við Bátagil fannst dys árið 1937. Þáverandi þjóðminjaverði, Matthíasi Þórðarsyni, var gert viðvart og hann gróf í dysina. Hún reyndist úr heiðnum sið, í henni fundust beinagrindur þriggja manna og hests með reiðtygjum auk vopna. Bátagil er utan við Brimnesgil og utan við Bátagil er Stekkjargil sem áður var nefnt Skipagil (Ö-1978).

**Lýsing**
Um kumlafundinn er fjallað í bókinni Kuml og Haugfé (142-144). Kumlin fundust fyrir neðan bæinn og tók kumlateigurinn yfir 12 m langt svæði SV-NA. Öll kumlin sneru NV-SA og höfuð mannanna hafa verið í norðvesturendanum. Þau voru grunn og yfir þeim lá einfalt, fremur gisið steinalag. Miðkumlið var rótað að hluta en sunnan og austan við manninn sem í því lá voru tveir hestar heygðir og ekki hafði verið hreyft við þeim. Með mannabeinunum var eldtinnumoli og járnvottur (Þjms. 12103). Hjá hestabeinunum í suðausturenda grafarinnar fundust járnmél og fleiri gegnbrunnin ryðstykki auk þess sem ryðs og svartra tréleifa varð vart sem bendir til þess að söðull hafi verið á suðvestari hestinum (31 járnbrot með mélabrotum Þjms. 12105). Ennfremur fannst spjót í hrosskumlinu af K-gerð, Sverd 21 (Þjms. 12104). Talið er að því hafi verið stungið niður í hrosskumlið þegar rótað var í mannskumlinu. Hjá beinunum í kumlinu suðvestan við miðkumlið voru 5 brot úr sigð (Þjms. 12108) og brot úr skærum (Þjms. 12109) með sauðaklippulagi, svipuðum Rygh 443. Eins og í miðkumlinu var hrossgröf sunnan og austan við mannsgröfina. Í henni voru nokkur fúin hrossabein. Þetta kuml virðist einnig hafa verið rótað. Þriðja kumlið var norðaustan við miðkumlið. Ekki virðist hafa verið hreyft við þessu kumli og var nokkurt haugfé í því en enginn hestur: Öxi, G-gerð, Sverd 38 (Þjms. 12111); venjulegur hnífur (Þjms. 12112); Brot á litlum silfurhring (ekki fingurbaugur) (Þjms. 12113); tvö met úr blýi (Þjms. 12114-15) (K.E. 1956, bls.).

**Heimildaskrá**

Sverrir Björnsson: Örnefnaskrá Brimness. 1978.
Kristján Eldjárn. 1956. Kuml og haugfé. 2. útgáfa (2000). Ritstj. Adolf Friðriksson. Mál og menning, Reykjavík.

**Brimnes 146404 277 - 3**
Sérheiti: Gvendarstaðir
Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Eyðibýlið Gvendarstaðir eiga samkvæmt örnefnalýsingu að vera beint suður af túninu í Brimnesi. Þess er ekki getið í jarðabókum (Ö-1932,1).

**Heimildaskrá**
Margeir Jónsson: Örnefnaskrá Brimness eftir handriti Björns Jónassonar. 1932.

**Brimnes 146404 277 - 4**
Sérheiti: Sauðhúsvöllur
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Nyrst í túninu er Sauðhúsvöllur skv. örnefnalýsingu (Ö-1978,1).

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Brimness. 1978.

**Brimnes 146404 277 - 5**
Sérheiti: Ærhúsgerði
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Austur af Sauðhúsvelli er Ærhúsgerði skv. örnefnalýsingu (Ö-1978,1).

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Brimness. 1978.

**Brimnes 146404 277 - 6**
Sérheiti: Ærhúsgerði
Hlutverk: Rétt
Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Austur af Sauðhúsvelli er Ærhúsgerði skv. örnefnalýsingu (Ö-1978, 1).

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Brimness. 1978.

**Brimnes 146404 277 - 7**
Sérheiti: Lambhúsgerði
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Syðst og austast í túninu er Lambhúsgerði skv. örnefnalýsingu (Ö-1978,1).

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Brimness. 1978.

**Brimnes 146404 277 - 7**
Sérheiti: Lambhúsgerði
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Syðst og austast í túninu er Lambhúsgerði skv. örnefnalýsingu (Ö-1978,1).

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Brimness. 1978.

**Brimnes 146404 277 - 8**
Sérheiti: Lambhúsgerði
Hlutverk: Rétt
Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Syðst og austast í túninu er Lambhúsgerði skv. örnefnalýsingu (Ö-1978, 1).

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Brimness. 1978.

**Brimnes 146404 277 - 9**
Sérheiti: Fiskmelur
Hlutverk:
Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Sunnarlega á túninu er melur sem Fiskmelur heitir skv. örnefnalýsingu (Ö-1978, 1).

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Brimness. 1978.

**Brimnes 146404 277 - 10**
Sérheiti: Myllugil
Hlutverk: Mylla
Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Myllugil er austur af Breiðagili sem aftur er austan við Neðstagil skv. örnefnalýsingu (Ö-1978, 1).

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Brimness. 1978.

**Brimnes 146404 277 - 11**
Sérheiti: Kvíamelur
Hlutverk: Kvíar

Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Í örnefnalýsingu er Kvíamelur staðsettur ofan við Kringlumýri sem er hringmynduð mýri í melunum beint niður af túninu (Ö-1978,2).

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Brimness. 1978.

**Brimnes 146404 277 - 12**
Sérheiti: Sekkjargil
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Stekkjargil er skammt utan við Bátagil skv. örnefnalýsingu. Stekkjargil var til forna kallað Skipagil (Ö-1978, 1).

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Brimness. 1978.

**Brimnes 146404 277 - 13**
Sérheiti: Grænutóftir
Hlutverk: Beitarhús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Skv. örnefnalýsingu eiga beitarhús frá Brimnesi að hafa staðið þar sem nú heita Grænutóftir og eru norðan við Beitarahúsahóla sem eru norður af Höllum (Ö-1978, 2).

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Brimness. 1978.

## Kolkuós - 146414

### Saga

Búsetusaga.
Kolbeinsárós er ekki talinn í búnaðarskýrslum með mati á landi og húsum fyrr en 1934. Árið 1942 var Kolbeinsárós metinn á 157 hundr. kr. (Jarða- og búendatal í Skagafirði bls. 85). Fyrstu ábúendur í Kolkuósi voru Tómas Ísleiksson söðlasmiður og kona hans, Guðrún Jóelsdóttir ljósmóðir. Þau fluttu þangað 1891 (Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu bls.84-85). Ekki er alveg ljóst á hvaða landsvæði búið var á þeim tíma. Sennilegt er þó að það hafi verið nyrsti hluti Viðvíkurlanda, tungan milli Kolbeinsár og sjávar, suður að löndum Brimness (áður en Kolkuós fékk land af Brimnesi) og Ásgarðs (Langhúsa) (Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu bls. 84-85).

Síðar var jörðin Kolbeinsárós byggð úr þremur jörðum; Viðvík (sem átti land norður að ósnum), Langhúsum (nú Ásgarði) (sem byggt var úr Viðvík fyrir 1550) og norðurhluta Brimnesslands. Jarðardýrleiki Langhúsa var árið 1709 20 hdr. og eign Hólabiskupsstóls. Viðvík er kirkjujörð og er jarðardýrleiki hennar 60 hdr. árið 1709, kirkjan var annacteruð með Rípur beneficii kirkju. Brimnes var einnig í eigu Hólabiskupsstóls árið 1709 (JÁM, bls. 206, 208-9). Hartmann Ásgrímsson hóf verslun í Kolkuósi og búskap á hluta af Langhúsum árið 1901. Hann hafði búsetu í Kolkuósi. Hartmann keypti svo Langhús (ekki víst hve mikinn hluta af þeim) árið 1910. Um 20 árum síðar keypti hann spildu

norðan af Brimnesi (Björn Emilsson, 15). Af ofansögðu mætti ætla að Hartmann hafi átt Viðvíkurpart niður að ósi, Langhús og norðan af Brimneslandi. Í örnefnalýsingu Langhúsa sem Margeir Jónsson skráir eftir Hartmanni virðast örnefni á þessum pörtum nokkurn veginn öll vera talin. Það má sjá af samanburði við skrár Sverris Björnssonar sem skráir Kolkuós, Brimnes og Langhús eftir gömlum merkjum.

Langhús heita nú Ásgarður en hann er ekki nema á hluta gamla Langhússlandsins eða einungis norður að núverandi aðalvegi (Hjalti Pálsson, samtal í síma).

Hartmann hefur sennilega ekki átt Viðvíkurpart heldur hefur hann verið leigður út og þegar ríkið selur Viðvík árið 1945 heldur það partinum eftir vegna virkjunarmöguleika í Hjaltadalsá, hjá Stólpahvammi og hafnarskilyrða í Kolkuósi. (Ö-1978, 2).

Ósætti er nú um skiptingu lands norðan vegar, milli Brimness og Hjaltadalsár/Kolku og eru það landamerkjadeilur sem ekki sér fyrir endann á (Hjalti Pálsson, samtal í síma).

Skráningin á eingöngu við svokallaðan Viðvíkurpart eða það land sem ríkið hélt eftir af landi Viðvíkur og örnefnalýsing Sverris Björnssonar nær til.

Kolbeinsárós og samnefnd jörð hefur í seinni tíð verið kölluð Kolkuós.

Eins og gefur að skilja er jarðarinnar Kolbeinsáróss ekki getið í fornritum en óssins er getið í Landnámu: „Í þann tíma kom út skip í Kolbeinsárósi, hlaðit kvikfé, en þeim hvarf í Brimnesskógum unghryssi eitt; en Þórir dúfunef keypti vánina ok fann síðan.“ (235). "Ondóttr kom úr í Kolbeinsárósi ok kaupir land at Sleitu-Birni ofan frá Hálsgróf enum eystra megin ok út til Kolbeinsáróss, <en > enum vestra megin frá ofan frá læk þeim, er verðr út frá Nautabúi, ok inn til Gljúfrár, ok bjó i Viðvík." (237). Einnig er hans getið í Sturlungu: "Og er þeir komu í Mælifellsdal brotnaði fótur á hesti Jörundar prests. Fór hann þá til Kolbeinsáróss og þar utan um sumarið." (738). (Óssins er einnig getið á öðrum stað í Sturlungu; bls 408, I í sömu útgáfu).

Í Kolkuósi var önnur af tveimur höfnum Hólastaðar. Óssins er getið í heimildum sem hafnarstaðar frá 13. og fram til loka 16. aldar. Á þeim tíma verður Hofsós hafnar- og verslunarstaður og kunna margar ástæður að liggja til þess að hann virðist taka við af Kolkuósi. (Sjá frekar J.Á.F).

Talið er að kirkja eða bænhús hafi verið reist í Kolbeinsárósi nokkru fyrir siðaskipti. Stoðum undir það rennir skrá yfir eignir Hólastóls í Kolkuósi frá 1550 og söguþáttur um Jón Arason í Biskupasögum Jóns Halldórssonar (sjá frekar J.Á.F. 86 o.áfr. og vísa beint í fyrrtalin rit).

Árið 1881 var Kolbeinsárós löggiltur verzlunarstaður. Verzlun mun þó ekki hafa hafizt þar fyrr en um og eftir 1890, voru það verzlanir á Sauðarkróki, er höfðu þar útibú og ráku þar verzlun að sumrinu. Stóð svo fram yfir síðustu aldamót [1900]. (Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu, bls.84-5 ).

## Náttúrufar og jarðabætur

Er í vinnslu

**Heimildaskrá**

Sturlunga saga I-II. Ritstjóri Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík. 1988.
Landnáma. Íslensk fornrit I. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík. 1968.
Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1953. 3. hefti. Sögufélag Skagfirðinga. 1956.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. 9. bindi, 1709. (útgáfustaður og ár).
Björn Emilsson: Hartmann Ágrímsson í Kolkuósi. Skagfirðingabók 12: 7-35.
Margeir Jónsson: Örnefnalýsing Langhúsa, skráð eftir handriti Harmanns Ásgrímssonar. 1932.
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkisjarðar). 1978.
Hjalti Pálsson?
Jón Árni Friðjónsson: Hafnir Hólastaðar. Um Kolbeinsárós og aðrar miðaldahafnir Skagfirðinga. M.A.-ritgerð í sagnfræði. Heimspekideild Háskóla Íslands. 2002.

**Kolkuós 146414 - 1**
Sérheiti: Kolkuós
Hlutverk: Býli
Tegund: Bæjarstæði
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Ekki er vitað til þess að búið hafi verið í Kolkuósi fyrir árið 1891 en þá hóf þar búskap Tómas Ísleiksson og kona hans Guðrún Jóelsdóttir. Bæjarstæðið hefur sennilega verið í hvamminum sunnan við ósinn. Í sama hvammi hafa staðið verslunarhús en Kolkuós var löggiltur verslunarstaður frá 1881 þó að verslun hafi ekki hafist þar fyrr en um 1890. (Jarða- og búendatal Skagafjarðarsýslu).

**Heimildaskrá**
Jarða- og búendatal Skagafjarðarsýslu 1781-1953. 3. hefti. Sögufélaga
Skagfirðinga. 1956.

**Kolkuós 146414 - 2**
Sérheiti: Kirkjugarður
Hlutverk: Bænhús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá stendur: "Suður frá Kolkuósi liggur vegurinn um gil í melbakkann, sem kallast Klauf 32., vestan við hana er gamall Kirkjugarður 33., þar stóð bænhús til forna. Sunnar eru Þjófadalir 34. og eftir þeim rennur Þjófdalalækur 35., sem skiptir löndum, samanber landamerkjaskrá Brimness og Viðvíkur." (Ö-1978, 1).

**Aðrar upplýsingar**
Víðar en í örnefnaskrá er minnst á kirkju eða bænhús á þessum stað. Í Jarða- og búendatali í Skagafjarðarsýslu kemur fram að talið sé að kirkja eða bænhús hafi verið reist í Kolkuósi nokkru fyrir siðaskipti og að það hafi verið eina bjálkakirkjan sem reist hafi verið á Íslandi (84). Í ritgerðinni Hafnir Hólastaðar er rætt um kirkjuna á þessum stað og skjöl sem styðja tilvist hennar. Þar er m.a. vitnað í Biskupasögur (II, bls. 317) þar sem segir að Jón Arason hafi komið með við að utan til kirkju sem sett var við Kolbeinsós, eins og Auðunarstofa að gerð. Þetta hefur átt sér stað skömmu fyrir 1520 ef rétt (J.Á.F. 86). Einnig er í ritgerðinni vísað til Íslensks fornbréfasafns (DI XI, 852 (einnig 854) um lýsingu á eignum Hólastóls við ósinn en sú lýsing gefur til kynna að þar hafi sannarlega verið kirkja. (J.Á.F. 86). Í sömu ritgerð er bent á að í Ferðabók sinni á bls. 141 minnist Sveinn Pálsson á að 1792 hafi sést leifar kirkju sunnan við ósinn (87-8). Höfundur ritgerðarinnar telur enn vera hægt að sjá móta fyrir fornum garðbrotum eða húsgrunni árið 2001-2002? (88). Fá þessar heimildir? vísa beint í þær.

**Heimildaskrá**
Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1953. 3. bindi. Sögufélag
Skagfirðinga. 1956.
Jón Árni Friðjónsson: Hafnir Hólastaðar. Um Kolbeinsárós og aðrar miðaldahafnir
Skagfirðinga. M.A.-ritgerð í sagnfræði. Heimspekideild Háskóla Íslands. 2002.
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkislands). 1978.

**Kolkuós 146414 - 3**
Hlutverk:
Tegund: Tóftaþyrping
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Landbrot
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Nyrst á Tanga í Kolkuósi eru tóftaleifar sem eru að fara í sjó. Ath. Sýslu- og
sóknarlýsingar, 125.

**Kolkuós 146414 - 4**
Hlutverk: Mógröf
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
"Það var mótekja í fjöruborðinu framan við Kolkuós, rétt þar sem bátarnir lentu." (Marteinn Steinsson).

**Lýsing**
"Þar var hægt að taka mó á stórstraumsfjöru, tvær þrjár stungur og þurfti að ryðja möl ofan af. Marteinn man þar eftir móhraukum. Ekki var þó hægt að sinna þessu nema skamman tíma, því hætta varð þegar flæddi að aftur." (Marteinn Steinsson).

**Heimildaskrá**
Marteinn Steinsson. 1993????

**Kolkuós 146414 - 5**
Sérheiti: Kolbeinsárós/Kolkuós
Hlutverk: Lending, Uppsátur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Ós Kolbeinsár (Kolku) sem rennur milli Kolkuósslands og Melstaðar. Úti fyrir ósnum er Elínarhólmi.

**Lýsing**
Lýsing Jóns Árna Friðjónssonar: "Kolbeinsárós er stærsti árósinn í innanverðum Skagafirði, að frátöldum sjálfum Héraðsvatnaósunum. Meðan tíðkaðist að fleyta skipum upp í árósa og leggja þeim þar hefur þessi staður sennilega verið mjög hentugur. Að sunnanverðu er dálítill tangi sem skilur ósinn frá hafi. Þar er enn grasi vaxin jarðvegstorfa á lágum klöppum en mjög eydd þeim megin er veit til sjávar. Í rofinu má greina öskuleifar og bein sem brotin hafa verið til mergjar svo að augljóst er að hér er um að ræða leifar af fornum öskuhaug. Innan við klappirnar er alldjúpur og lygn pollur meðfram tiltölulega sléttri klöpp; þar má vissulega leggja að litlu skipi til að losa eða ferma. En í krikanum fyrir enda klappanna er dálítil vík með leirbotni og fjöru þar sem mætti draga sæmilegustu farmaskip eða jafnvel miðlungsknörr á þurrt." (38).

**Aðrar upplýsingar**
Kolbeinsáróss er víða getið í heimildum og fornritum sem hafnar. Jón Árni Friðjónsson telur að skipum hafi að minnsta kosti verið lent í honum á 13. og 14. öld. Á 15. og 16. öld voru skip orðin of stór til að þeim gæti verið lent í ósnum sjálfum (39).

**Heimildaskrá**
Jón Árni Friðjónsson: Hafnir Hólastaðar. Um Kolbeinsárós og aðrar miðaldahafnir Skagfirðinga. M.A.-ritgerð í sagnfræði. Heimspekideild Háskóla Íslands. 2002.

**Kolkuós 146414 - 6**
Sérheiti: Elínarhólmi
Hlutverk: Lending
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Elínarhólmi er lítill hólmi í sjónum vestan við Kolkuós. Í sjónum er klapparhryggur milli Elínarhólma og Tanga, framan við Kolkuós.

**Lýsing**
Í grein eftir Björn Emilsson kemur fram að kaupskip hafi legið suðvestan við Elínarhólma í tíð Hartmanns Ásgrímssonar á því miði, að vesturjaðar Elínarhólma bar í Hofsós (18). Í ritgerð sinni um hafnir Hólastaðar telur Jón Árni Friðjónsson að skipum hafi verið lagt við Elínarhólma á 15. og 16. öld þegar skip voru orðin stærri og fullkomnari en skip 13. og 14. aldar sem sennilega hefur verið lagt inn í ósinn sjálfan (39).

**Heimildaskrá**
Björn Emilsson: Hartmann Ásgrímsson í Kolkuósi. Skagfirðingabók 12:7-35.
Jón Árni Friðjónsson: Hafnir Hólastaðar. Um Kolbeinsárós og aðrar miðaldahafnir Skagfirðinga. M.A.-ritgerð í sagnfræði. Heimspekideild Háskóla Íslands. 2002.
DI=Íslenskt fornbréfasafn. VII. bindi. Hið Íslenska Bókmenntafélag. Reykjavík. 1903-1907.

**Örnefni**
Elínarhólmi er nefndur Helenarhólmi í skrá um landamerki Viðvíkur og fleiri jarða í Skagafirði frá því um 1500 (DI VII, 463.) Einnig er hann nefndur Helenarey í fornum bréfum (Ö-1978, 1). Veit að það er í DI en finn ekki.

**Kolkuós 146414 - 7**
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei
Heimildamaður: Marteinn Steinsson

**Staðhættir**
Árið 1993 er haft eftir Marteini Steinssyni að fjárhús séu uppi á bakkanum sunnan við Kolkuós, þá hálfhrunin fram af bakkanum. Hann minnir að veggir húsanna hafi staðið fram yfir 1970 áður en bakkinn fór að falla undan þeim.

**Heimildaskrá**
Marteinn Steinsson. 1993?

**Kolkuós 146414 - 8**
Sérheiti: Stekkjarhvammur
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Kolkuóss stendur: "Með ánni er Kvíslarhvammur 3. - þá Stekkjarhóll 4. og Stekkjarhvammur 5." (Ö-1978,1). Hér er átt við ána Hjaltadalsá áður en hún sameinast Kolbeinsdalsá.

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkislands). 1978.

**Kolkuós 146414 - 9**
Sérheiti: Stólpahvammur
Hlutverk: Brú
Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Samkvæmt örnefnalýsingu Kolkuóss er Stólpahvammur norðan við Bláleitarnef við Hjaltadalsá. Þar var trébrú byggð yfir ána um 1884. Sunnan við brúarstæðið er flúð, þar heitir Gýjarfoss. (Ö-1978, 1). Af loftmyndum má sjá að vegur eða slóði liggur þarna um. Í örnefnalýsingu Langhúsa eftir handriti Hartmanns kemur fram að brúin hafi staðið í 45 ár eða til 1929. (Ö-1932, 2).

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkislands). 1978.
Margeir Jónsson: Örnefnalýsing Langhúsa skráð eftir handriti Hartmanns Ásgrímssonar. 1932.

**Kolkuós 146414 - 10**
Sérheiti: Teigsvað
Hlutverk: Vað
Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Í örnefnalýsingu kemur fram að í Teigshvammi sem stendur gegnt bænum Teigi sé hvað í Kolku (svo heitir áin eftir að Hjaltadals- og Kolbeinsdalsá sameinast) sem heitir Teigsvað. Teigshvammur og Teigsvað eru neðan við Krosshvamm (Ö-1978,1).

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnaskrá Kolkuóss (Ríkisland). 1978.

**Kolkuós 146414 - 11**
Sérheiti: Steinsvað
Hlutverk: Vað
Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Í örnefnalýsingu er Steinsvað á Kolku vestan við Lækjarósnef (Ö-1978,1).

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkislands). 1978.

**Kolkuós 146414 - 13**
Sérheiti: Vagnabraut
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Í örnefnalýsingu segir að Vagnabraut liggi niður frá Finnbogahólum sem eru vestur af Stólpahvammi. (Ö-1978, 1). Hér þarf frekar að skoða Sýslu- og sóknarlýsingar og ritgerð J.Á.F. bls. 33-35.

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkisjarðar). 1978.

**Kolkuós 146414 - 14**
Sérheiti: Þjóðvegur
Hlutverk: Leið
Tegund: Gata
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Í örnefnalýsingu kemur fram að Staðarmóar eru norðaustan Vagnabrautar, ofan að Þjóðvegi. Líklega er hér átt við þann veg sem ekið er eftir til að komast út í Kolkuós. (Ö-1978, 1). Kannski ekki fornleif. Óvíst um aldur.

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkislands). 1978.

**Kolkuós 146414 - 15**
Sérheiti: Beitarhúsatóftir
Hlutverk: Beitarhús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Samkvæmt örnefnaskrá eru Beitarhúsatóftir á mel móts við veginn. Ekki er alveg ljóst við hvaða veg er átt hér en líklega er það þjóðvegurinn eða afleggjarinn sem nú er notaður og liggur að Kolkuósi. (Ö-1978, 1).

**Lýsing**
Í örnefnalýsingu kemur fram að beitarhúsin hafi verið frá Viðvík og að í þeim hafi sauðir verið hafðir um vetur. Síðast voru þau notuð eftir aldamótin 1900 í tíð Zophoníasar Halldórssonar. (Ö-1978, 1).

**Heimildaskrá**
Sverrir Björnsson: Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkislands). 1978.

**Kolkuós 146414 - 17**
Sérheiti: Geitagerði
Hlutverk: Rétt
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Nei

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Brimness eftir Sverri Björnsson er minnst á lítinn hól með tóftabroti á sem heitir Geitagerði. Þar voru áður merki Brimness og Viðvíkur. Suðvestan við Geitagerði var svo strítumelurinn Vörðumelur. Þessar minjar verða taldar með Kolkuósi að svo stöddu því Geitagerði er að öllum líkindum á þeirri sneið sem Kolkuós fékk af Brimnesi. Hartmann Ásgrímsson telur Geitagerði með í Langhúsalýsingu sinni sem tekur til Langhúsa, Kolkuóss og nyrsta hluta Brimness.

**Heimildaskrá**
Margeir Jónsson: Örnefnalýsing Langhúsa eftir handriti Hartmanns Ásgrímssonar.
1932.
Sverrir Björnsson: Örnefnaýsing Langhúsa. 1978.

## Neðri-Ás 1 - 146476-251

### Saga
Er í vinnslu

### Náttúrufar og jarðabætur
Er í vinnslu

**Neðri-Ás 1 146476 251 -**
Hlutverk: Kirkja
Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 0, 0, 0,0000 (-0,00000000)   V: 0, 0, 0,0000 (-0,00000000)
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Já

**Staðhættir**
Neðri-Ás. Tóttarleifar kirkju þeirrar er Þorvarður Spak-Böðvarsson reisti.
Skjal undirritað af MÞ 10.06.1926. Þinglýst 13.08.1926.

**Heimildaskrá**
Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar útg. 1990.

**Neðri-Ás 1 - 1**
Sérheiti: Neðri Ás
Hlutverk: Bæjarhóll
Tegund: Heimild 465
Ástand: Ómetið
Friðlýst: Já

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Gamli torfbærinn stóð ofan við núverandi íbúðarhús (Örnefnaskrá, 12). Í örnefnaskrá segir jafnframt: „Skammt neðan við bæjarstæðið gamla, stendur íbúðarhúsið Neðri – Ás I. Smáspöl norðar og austar er fjós og hlaða. Nokkru neðar, þar sem áður var Gerðið, stendur íbúarhúsið Neðri- Ás II. Allangt norðar eru fjárhús” (Örnefnaskrá, 8).
Á túnakorti er bærinn norðarlega í túninu. Útihús er austan við og matjurtargarður sunnan við (Túnakort, 1916).

**Aðrar upplýsingar**
Tóttarleifar kirkju þeirrar er Þorvarður Spak-Böðvarsson reisti. Skjal undirritað af MÞ 10.06.1926. Þinglýst 13.08.1926.(skrá,1990)

**Heimildaskrá**
skrá yfir friðlýstar fornleifar 1990
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 2**
Sérheiti: Þorvarðarkirkja
Hlutverk: Kirkjurústir
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Í Ási bjó ágætismaðurinn Þorvarður Spak-Böðvarsson, er fyrstur mun hafa gert garðinn frægan. Talið er, að hann hafi þar látið byggja kirkju áður en kristni var í lög tekin á landi hér” (Örnefnaskrá, 2).
Í örnefnaskrá er tekið úr sóknarlýsingu frá 1843 „Má þeirra helstu geta: Menn  halda víst, að enn nú sjáist aurmál kirkju þieirrar í Neðra – Ási, er Þorvarður Spak-Böðvarsson byggði þar fyrstur Norðlendinga árið 984. Er girðingarbrot það suður og upp frá bænum á túninu” [Tilvitnun í sóknarlýsingu tekin úr örnefnaskrá] (Örnefnaskrá, 4). Í örnefnaskrá segir: „Þar er nú upphlaðinn grunnur kirkjunnar, en grafreiturinn þakinn ofan með þökum. Ekki sjást nú neinar þúfur eða leiði, heldur er allt slétt” (Örnefnaskrá, 15).

**Aðrar upplýsingar**
Árið 1998 var framkvæmd, af Fornleifastofnun Íslands, fornleifarannsókn á Neðra Ási, sjá skýrslu fornleifastofnunar nr. FS068-98173, Fornleifarannsókn á Neðra Ási í Hjaltadal 1998.

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 3**
Hlutverk: Kirkjugarður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Sést glöggt fyrir kirkjugarði þar umhverfis, sem kirkjan er talin hafa verið” (Örnefnaskrá, 2). Samkvæmt örnefnaskrá segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín “Hér hefur í gamla daga bænahús eða kirkja verið og sjást þess enn merki, en þó er húsið fyrir löngu fallið” [bein tilvitnun tekin úr örnefnaskrá] (Örnefnaskrá, 2).
Í örnefnaskrá segir: „ Æva-forn hringmyndaður garður er umhverfis húsið, ca. 30-40 metrar í þvermál. Þúfur innan garðsins gætu verð gömul leiði” [Tilvitnun úr bréfi eftir Árna Sveinsson er tekin úr örnefnaskrá](Örnefnaskrá, 7).

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 4**
Sérheiti: Bænhús
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá er eftirfarandi kafli úr bréfi eftir Árna Sveinsson á Kálfsstöðum: „Sunnan og austan við bæinn í Neðra- Ási, ca 40 metra frá bænum, er eitt einstakt fjárhús, með hlöðu við. Er hú sþetta kallað Bænhús. Lega þess er sú sama og kirkjunnar á Hólum og bænhúss- eða kirkjurústanna á Kálfsstöðum. Æva-forn hringmyndaður garður er umhverfis húsið, ca. 30-40 metrar í þvermál. Þúfur innan garðsins gætu verð gömul leiði” [Tilvitnun úr bréfi eftir Árna Sveinsson er tekin úr örnefnaskrá](Örnefnaskrá, 7). Á túnakorti er útihús um 60m aftan við bæinn (Túnakort, 1916).

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 5**
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Fyrrnefndar kirkjuleifar eru spölkorn suðaustur frá bæjarstæðinu og upp við Túngarðinn, sem sést mjög greinilega á allöngum köflum við túnið. Talið er öruggt að þessi túngarður sé frá um 1000 og er hann því orðinn um þúsund ára gamall” (Örnefnaskrá, 15).
Í örnefnaskrá segir: „Kvíarnar í Neðra – Ási eru uppi á hól, upp af bænum og ofan við gamla túngarðinn. Þær eru einhverjar þær stærstu sem sjást, um 18 metra langar að utanmáli. Garðurinn beygir reyndar utan og neðan við Kvíarnar og fer upp norðan við þær” (Örnefnaskrá, 13).
Í örnefnaskrá er tekið úr sóknarlýsingu frá 1843: „Má þeirra helstu geta: Menn halda víst, að enn nú sjáist aurmál kirkju þeirrar í Neðra – Ási, er Þorvarður Spak-Böðvarsson byggði þar fyrstur Norðlendinga árið 984. Er girðingarbrot það suður og upp frá bænum á túninu” [Tilvitnun í sóknarlýsingu tekin úr örnefnaskrá] (Örnefnaskrá, 4).

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 6**
Hlutverk: Vegur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Heimreiðin að bænum, fyrir tíma bílvega, kom utan og neðan að. Var þó á sama stað og bílvegurinn er nú – næst bænum” (Örnefnaskrá, 19).
Á túnakorti liggur heimreiðin í suður frá bænum (Túnakort, 1916).

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 7**
Hlutverk: Kvíar
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Kvíarnar í Neðra – Ási eru uppi á hól, upp af bænum og ofan við gamla túngarðinn. Þær eru einhverjar þær stærstu sem sjást, um 18 metra langar að utanmáli. Garðurinn beygir reyndar utan og neðan við Kvíarnar og fer upp norðan við þær” (Örnefnaskrá, 13).
Tóft, kvíar [Ég tel að þetta séu sömu kvíar, BZ]
Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við áðurnefnt drag upp frá bæjarstæðinu, eru leifar af einverju aflöngu húsi eða stórum kvíum (Örnefnaskrá, 15)

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 8**
Sérheiti: Gerði
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Íbúðarhús Jóns Garðarssonar stendur á gömlu fjárhússtæði sem var kallað Gerði. Þúfnastykki, sem kallað var Flóki, niður og út að læk, sem var –og er raunar enn. Svo var buna í þessum læk utan við Gerðið og þar var vatnið tekið i Gerðishúsin” (Örnefnaskrá, 14).

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 9**
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Nokkru neðar þar sem áður var Gerðið, stendur íbúðarhúsið Neðri- Ás II. Allangt norðar eru fjárhús” (Örnefnaskrá, 8).

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 10**
Hlutverk: Garður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Spölkorn ofan við bæjarstæðið og ofan við vatnsból, er gamall Öskuhóll og í kringum hann eru leifar af garði” (Örnefnaskrá, 15).

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 11**
Hlutverk: Öskuhaugur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Spölkorn ofan við bæjarstæðið og ofan við vatnsból, er gamall Öskuhóll og í kringum hann eru leifar af garði" (Örnefnaskrá, 15).

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 12**
Sérheiti: Réttarhús
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Smáspöl ofar og norðan við dragið, uppi á hól eða hæð, voru svonefnd Réttarhús, sem voru fjárhús. Fast sunnan við húsin var stór rétt, grjóthlaðin, en veggir vallgrónir ofan. Á bakvið svo hesthús" (Örnefnaskrá, 15).

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 13**
Hlutverk: Rétt
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Smáspöl ofar og norðan við dragið, uppi á hól eða hæð, voru svonefnd Réttarhús, sem voru fjárhús. Fast sunnan við húsin var stór rétt, grjóthlaðin, en veggir vallgrónir ofan. Á bakvið svo hesthús" (Örnefnaskrá, 15).

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 14**
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Smáspöl ofar og norðan við dragið, uppi á hól eða hæð, voru svonefnd Réttarhús, sem voru fjárhús. Fast sunnan við húsin var stór rétt, grjóthlaðin, en veggir vallgrónir ofan. Á bakvið svo hesthús" (Örnefnaskrá, 15).

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 15**
Hlutverk: Reykhús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Skammt ofan við bæjarstæðið voru leifar af Reykhúsi, sem ekki er löngu fallið úr notkun. Stóðu þar veggir úr torfi og grjóti til skamms tíma" (Örnefnaskrá, 15).

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 16**
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: Gamli torfbærinn stóð ofan við núverandi íbúðarhús. Framan við hann var geysistór og fallegur kartöflugarður" (Örnefnaskrá, 12). Einnig segir í Jarðarlýsingu frá 1917: [ath útvega frumheimild] „Matjurtargarður gefur af sér 4 tunnur kartöflur" (Örnefnaskra, 5).
Á túnakorti er matjurtagarður sunnan við bæinn (Túnakort, 1916).

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 17**
Hlutverk: Fjós
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá stendur: „Skammt vestan við bæjarstæðið gamla, stendur íbúðarhúsið Neðri – Ás I. Smáspöl norðar og austar er fjós og hlaða" (Örnefnaskrá, 8).

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 18**
Hlutverk: Brunnur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „ Neyzluvatnið í Neðra-Ási er tekið úr brunni í lægðinni ofan við bæinn, ofan við fjósið sem var bakatil við bæjahúsin og innan gengt í það úr bænum. Þarna er mjög góð uppspretta og var Brunnhús yfir. Svo eyðilagðist Brunnhúsið" (Örnefnaskrá, 8).

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 19**
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Syðst í túninu er Hesthús" (Örnefnaskrá, 12).

**Heimildaskrá**
Örnefnastofnun; Örnefnaskrá, Rósmundur G. Ingvarsson

**Neðri-Ás 1 - 20**
Sérheiti: Búhæð

Hlutverk: Leikvöllur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Búhæð er ofan girðingar út og upp af bænum, sunnan við Kúagötur. Þetta er leikvöllur barna" (Örnefnaskrá, 12).

**Heimildaskrá**
